

**Ed.**

### **1076. Breytingartillögur**

við frv. til laga um byggingu rafmagnsveitu frá Hafnarfirði til Keflavíkur og um Suðurnes.

Frá Eiriki Einarssyni.

1. Við 1. gr.
  - a. Við fyrri málsgr. bætist: Einnig er ríkisstjórninni heimilt að koma upp á árinu 1945 eða 1946 rafveitu, aðalorkuveitu, frá Sogsvirkjuninni til Selfoss, Hveragerðis, Eyrarbakka og Stokkseyrar í Árnessýslu og Þykkvabæjar í Rangárvallasýslu svo og að annast rekstur þeirrar veitu fyrst um sinn.
  - b. Í stað orðanna „Rekstur raforkuveitu þessarar“ í 2. málsgr. komi: Rekstur á raforkuveitum þessum.
2. Við 2. gr. Í stað „3 millj. króna“ komi: 6 millj. króna.
3. Fyrirsögn frv. verði: Frumvarp til laga um byggingu rafmagnsveitu frá Hafnarfirði til Keflavíkur og um Suðurnes og einnig frá Sogsvirkjuninni til kaupþuna í Árnessýslu og til Þykkvabæjar.